



Grafskrift Þórðar Kveðja frá starfsfólki Búnaðarbanka Íslands, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Grafskrift – Þórður Sveinsson – Búnaðarbanki Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-1, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Þórður Sveinsson

bankabókari

Kveðja frá starfsfólki Búnaðarbanka Íslands


Lag: „Þann signaða dag vér sjáum enn“

AÐ harma göfugan genginn mann
er gæfa, þó tapið sviði,
því sumarbjart var og verður um hann
þó vaggan í mold hans bíði.
Þeim höfðingja', er aldrei hugfallast lét
ei hæfir lifenda kvíði.

Því tregum við hljótt — og þökkum þér
í þögn, sem er heitari orðum.
Þig lofar hver stund þín og starf þitt hér,
allt stóð þar í fegurstu skorðum.
Nú autt er í sal og þess vinar vant,
sem vakti yfir öllu forðum.

Hve gott er að hverfa svo hjartahreinn
og heill burt frá jarðar stríði,
að mæli þann sannleik allir sem einn
að einskis sé vant, er þrýði.
Tak, Ísland, í faðm þinn óskason,
far alsæll, þú vinurinn blíði.

Hulda.



Gutenberg